

Forvarnaráætlun gegn einelti í Borgaskóla
2024-2025
Upplýsingar fyrir foreldra

Í Borgaskóla er lögð áhersla á að kenna nemendum uppbyggileg samskipti þar sem hæfnin að setja sig í spor annarra ásamt því að taka ábyrgð á eigin hegðun er í hávegum höfð. Áhersla er lögð á lýðræðisleg samskipti og unnið að því að efla öryggi, umhyggju, áhrif, frelsi og gleði nemenda. Með þessum starfsháttum er lagður grunnur að forvarnaráætlun Borgaskóla, þar sem reynt er eftir fremsta megni að leiðbeina nemendum um uppbyggileg samskipti í virku skólasamfélagi. Í nánu samstarfi við foreldra náum við svo enn betri árangri í því að útrýma einelti í Borgaskóla.

Einstaklingur er lagður í einelti ef hann verður fyrir endurteknum neikvæðum samskiptum frá einum eða fleiri einstaklingum. Einelti er ofbeldi og félagsleg útilokun sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Sá sem verður fyrir einelti getur fyllst ótta og uppgjöf og er ekki fær um að verja sig eða þola álagið. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis. Þegar vitneskja berst um einelti til skólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið til umsjónarkennara. Hann ákveður næstu skref eftir eðli málsins og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir.

Rammi forvarnaráætlunar gegn einelti í Borgaskóla er byggð á Olweusaráætluninni sem Borgaskóli starfar eftir. Markmið hennar er að koma í veg fyrir einelti og aðra andfélagslega hegðun. Einnig á hún að skapa skólabrag þar sem allir geta notið sín í leik og starfi. Reglulega er fylgst með líðan nemenda m.a. með könnunum. Niðurstöður þeirra hafa gefið starfsfólki Borgaskóla skýra mynd af stöðu eineltismála í skólanum. Eftirlitskerfi skólans, s.s. í frímínútum, á göngum og í baðklefum er endurskoðað reglulega, bekkjarfundir nemenda eru a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði þar sem nemendum gefst kostur á að ræða um sín málefni.

Það sem við getum öll gert:

- Taka einelti alvarlega og koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta hátterni sínu.
- *Gera börnunum grein fyrir að einelti í skóla hefur áhrif á kennslu og nám allra nemenda í bekknum þar sem einelti viðgengst.*

- *Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust barna, sem fyrir því verða.*

Verkferill í eineltismálum í Borgaskóla

Þegar grunur vaknar um einelti er fyrsta skref að tilkynna það til umsjónarkennara. Umsjónarkennari fyllir út stigskipt skráningareyðublað og hefur athugun á málinu. Umsjónarkennari:

- ræðir við þolanda/polendur
- ræðir við meintan geranda/gerendur
- leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans
- leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum
- ræðir við foreldra þolanda/polenda
- ræðir við foreldra meints geranda/gerenda.

Ef athugun þessi leiðir í ljós að ekki er um einelti að ræði er þó áfram unnið með samskipti í viðkomandi bekkjum, m.a. með því að halda bekkjarfundi.

Ef athugun þessi leiðir í ljós að um einelti er að ræða heldur umsjónarkennari áfram að vinna í málinu. Umsjónarkennari:

- tekur einstaklingsviðtöl með þolanda/polendum (ásamt öðrum starfsmanni, helst námsráðgjafa)
- tekur einstaklingsviðtöl með geranda/gerendum (ásamt öðrum starfsmanni, helst námsráðgjafa)
- ákveður næstu skref með foreldrum
- heldur bekkjarfundi um einelti og samskipti
- framkvæmir tengslakönnun í viðkomandi bekk/bekkjum
- fundar reglulega með öllum sem að málinu koma (nemendum og foreldrum)

Ef eineltið hættir ekki er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Þar eiga sæti skólastjóri, námsráðgjafi, félagsráðgjafi, kennsluráðgjafi og skólasálfræðingur.